

Nd.

526. Breytingartillögur

[179. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

1. 4. gr. verði 1. gr., og breytist greinatala 1.—3. gr. frv. samkvæmt því.
2. Við 2. gr. (verður 3. gr.). Við gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Sama gjald skal greitt af birgðum af þessum vörum, sem til eru í landinu, er lög þessi öðlast gildi, eftir reglum 92. gr.
3. Við 3. gr. (verður 4. gr.). Fyrir orðin „ísetningu þeirra og viðgerðir“ í síðustu málsg. b-liðar komi: ísetningu þeirra, viðgerðir, viðurlög.
4. Á eftir 3. gr. (verður 4. gr.) komi ný gr. (verður 5. gr.), svo hljóðandi:
Aftan við 1. mgr. 91. gr. laganna bætist nýr málsl., svo hljóðandi:
Ef um dísilbifreið er að ræða, nægir þó, að skrásetningarmerkið sé til geymslu hjá lögreglustjóra í 30 daga samfellt.
5. Við 5. gr. (verður 6. gr.) bætist:
Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 101 22. des. 1965, um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.